



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu ráðstefnunnar Björgun 96.
18. október 1996**

Ágætir ráðstefnugestir,

Það er gæfa okkar Íslendinga að eiga fagurt land, njóta einstæðrar náttúru og geta sótt auð í greipar hafsins, auð sem dugað hefur til að búa okkur bærileg lífskjör.

Þessara kosta njótum við oftast áhyggjulaus og fögnum hverjum nýjum degi með gleði í huga. Þó koma þær stundir að náttúruöflin klæðast öðrum ham og minna þá á miskunarleysi sitt og hörku. Á örskotsstund breytist gleði í nagandi kvíða, örvæntingu eða hömlulausan ótta. Fósturjörðin tekur sinn toll í mannfórnum og tjóni.

Á slíkum stundum ganga sjálfbóðaliðar til björgunarstarfa, bjóða hættunum birginn, halda út á úfið haf, berjast við stórsjó og byl, klífa kletta og síga í björg, glíma nætur og daga við fannfergi og frosthörkur, horfast í augu við hörmulegar afleiðingar snjóflóða. Þeir eru kallaðir til verka þegar náttúruöflin kjósa í skyndingu að sýna hina verri hlið. Þeir halda til leitar þegar einstaklingar fara sér að voða eða villast um óbyggðir og afrétti.

Samkennd okkar Íslendinga birtist skýrt á stundum hættu og hörmunga. Þá eignast þjóðin eina sál og biður um björgun.

Með fórnfúsu starfi þúsunda hafa björgunarsveitir á Íslandi náð að eflast svo að nánast er einstakt í veröldinni. Það er leitun á landi þar sem jafn umfangsmikið starf hefur verið byggt upp af samtökum sjálfbóðaliða á öllum aldri, úr öllum starfsstéttum og úr öllum byggðarlögum.

Íslenska þjóðin færir ykkur einlægar þakkir fyrir einstakt framlag ykkar og fórnfýsi. Í huga okkar er virðing og stolt þegar við rifjum upp framgöngu björgunarfólks á liðinni tíð. Jafnframt óskum við þess að gæfa fylgi störfum ykkar um alla framtíð.

Þær fórnir sem þið færið birta bestu kosti Íslendinga, áræðni og elju sem þjóðinni hafa dugað best á erfiðum tímum.

Ég færi ykkur þakkir íslenskrar þjóðar og óska ykkur farsældar og árangurs á komandi tíð.